



Verkefnntaskóli Austurlands

Sjálfsmat haustönn 2010

Áfangaskýrsla

Efnisyfirlit

Formáli	3
Sjálfsmat í VA	3
Haustönn 2010.....	4
Tölulega upplýsingar um nemendur og túlkun á þeim.....	5
Sérstakur stuðningur við nemendur.....	5
Þjónusta námsráðgjafa.....	5
Framhaldskólabraut II	5
Stoðtímar	6
Sérdeild.....	Error! Bookmark not defined.
ABG-verkefni.....	6
Annar stuðningur.....	6
Heimildir	Error! Bookmark not defined.
Nemendakönnun.....	6
Félagslíf nemenda	8
Samfélagskönnun	9
Foreldrakönnun	9
Áfangamat	9
Annarmat	9
Tillögur haustannar 2010	10
Viðaukar	11
Viðauki 1 - Niðurstöður viðhorfskönnunnar	11
Fartölvunotkun	20
Hvert leitað í vandræðum.....	22
Af hverju / afhverju ekki stolt	23
Viðauki 2 - Spurningar áfangamats ásamt svörum	25
Viðauki 3 - Spurningar annarmats ásamt svörum	32

Formáli

Á haustönn 2010 skipuðu Gunnar S. Ólafsson, Pjetur St. Arason, Sigurborg Hákonardóttir og Svanlaug Aðalsteinsdóttir sjálfsmatsnefnd Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Nefndin hélt 9 fundi á önninni, klukkustund í senn auk þess sem nefndarmenn unnu að ýmsum verkefnum á milli funda. Síðastliðið vor var fundað á tveggja vikna fresti en núna á haustönn var fundað 3 vikur í röð og svo einni sleppt. Loks var samantekt á starfi sjálfsmatsnefndarinnar kynnt á starfsmannafundi þann 17. desember. Á fundinum komu fram nokkrar ábendingar og hugmyndir um hvernig bæta megi matið. Verða þær reifaðar í kaflanum um tillögur haustannar.

Sjálfsmat í VA

Samkvæmt lögum nr. 92 2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Nánari útfærslu er síðan að finna í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum. Þar segir að nánari viðmið um innra mat verða sett í aðalnámskrá framhaldsskóla. Í drögum að nýrri aðalnámskrá segir um innra mat (Mennta- og Menningarmálaráðuneytið 2010):

Í hverjum skóla ber að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundum hætti. Ýmsar leiðir eru færar við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að það kerfi sem unnið er eftir henti skólastarfi viðkomandi skóla.

Innra mat skal byggja á eftirfarandi viðmiðum. Það skal:

- vera markmiðsbundið, þannig að í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni
- byggja á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats
- vera markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins svo sem stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar
- vera samstarfsmiðað, þannig að lögð sé áhersla á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á
- byggja á upplýsingum en til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli

fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn sem eru lögð til grundvallar matinu taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni

- *leiða til umbóta þannig að lagt sé mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar*
- *vera opinbert þannig að hver skóli birti opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru undanþegnar birtingu.*

Í fyrsta punktinum í þessari upptalningu má sjá að sjálfsmatið skal taka mið af markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Vinnu við gerð hennar er ekki að fullu lokið ~~lokið~~ og því hefur þetta ekki verið gert með formlegum hætti ennþá. Í síðasta punktinum er sagt að sjálfsmat skuli leiða til umbóta. Að mati skólameistara VA þá hefur sjálfsmatið í VA gert það.

Eins og áður þá var stuðst við ritið Sjálfsmat í skóla (Menntamálaráðuneytið, 1997). Fellur það nokku vel að því sem talið er upp í nýju framhaldsskólalögunum, reglugerðinni og drögum að aðalnámskrá. Í þessu riti segir m.a. að sjálfsmat eigi að vera:

- Formlegt
- Altækt
- Áreiðanlegt
- Samstarfsmiðað
- Umbótamiðað
- Árangursmiðað
- Stofnana og einstaklingsmiðað
- Lýsandi
- Greinandi
- Opinbert

Tvær úttektir hafa verið gerðar á sjálfsmati í VA og báðar sýndu að sjálfsmatið uppfyllir þessar kröfur.

Haustönn 2010

Samkvæmt Sjálfsmatsáætlun VA átti að vinna að eftirfarandi þáttum á haustönn 2010:

- Tölulegar upplýsingar um nemendur og túlkun á þeim
- Sérstakur stuðningur við nemendur
- Nemendakönnun: Viðhorf til skólans, líðan í skóla, samskipti við starfsfólk o.fl.
- Félagslíf nemenda: Hvernig getur skólinn hjálpað nemendum að efla félagsþroska sinn, stuðningur frá skólanum við félagslíf nemenda, o.fl.
- Samfélagskönnun um stöðu VA í samfélaginu, framkvæmd af nemendum í félagsfræði.
- Foreldrakönnun.

Til viðbótar við sjálfsmatsáætlun var framkvæmt hefðbundið áfangamat (nemendur) og annarmat (kennarar) í 14 áföngum. Niðurstöður áfangamats voru sendar viðkomandi

kennurum og skólameistara ásamt niðurstöðum annarmats. Heildarniðurstöður voru kynntar á starfsmannafundinum þann 16. desember

Á vorönn 2010 var rætt um að gera könnun meðal foreldra og forráðamanna nemenda um samskipti þeirra við skólann og viðhorf. Þá var samþykkt að reyna að gera þessa könnun á haustönn 2010, en núna var ákveðið að hún skyldi gerð á vorönn 2011.

Tölulega upplýsingar um nemendur og túlkun á þeim

Gengið var frá eyðublöðum og þau send áfangastjóra sem prufukeyrir þau nú á haustönninni. Á vorönn 2011 verða þau svo tekin í notkun og munu þau nýtast til að safna upplýsingum sem fara síðan í skýrslur skólans.

Sérstakur stuðningur við nemendur

Við VA er fjölbreyttur stuðningur veittur nemendum með ýmis konar sérþarfir. Úttekt á þessu var gerð fyrir skólaárið 2004-2005 og svo aftur núna og byggir hún á viðtölum við þá starfsmenn skólans sem veita þennan stuðning. Eins og sjá má á þessari samantekt þá er stuðningur við nemendur talsvert meiri nú en 2004-2005 auk þess sem fleiri starfsmenn sinna þessu nú.

Við skólann starfar námsráðgjafi í 75% starfi, þá er starfrækt sérdeild við skólann fyrir nemendur sem eiga við einhverskonar fötlun að stríða. Við deildina eru þrír starfsmenn, tveir í 100% starfi, einn þroskabjálfi og einn skólaliði og einn í 30% starfi.

Þjónusta námsráðgjafa

Námsráðgjafi hefur reynt að kalla til sína alla þá nemendur sem hafa e.k. greiningar t.d. lesblindu, ofvirkni, athyglisbrest o.þ.h. Þessum nemendum bjóðast reglulegir tímar með námsráðgjafa. Þá var myndaður sérstakur hópur fyrir nemendur með ADHD (ofvirkni – með athyglisbrest). Þar sem unnið hefur verið með veikleika þeirra og styrkleika og reynt að líta jákvætt á þeirra mál og hjálpa þeim að byggja sig upp sem námsmenn. Þeim er m.a. hjálpað að halda utan um verkefnaskil sín og þeim kennt að skipuleggja sig. Hópurinn hefur komið saman einu sinni í viku. Hrönn, námsráðgjafi, segir að í hópnum fái nemendur tækifæri til þess að deila með öðrum hvernig þeir upplifa sitt ADHD, hvað hafi gengið vel hjá þeim og hvað illa.

Framhaldskólabraut II

Nemendur sem þurfa mikið aðhald og sérstakan stuðning geta skráð sig á Framhaldskólabraut II. Á haustönn 2010 voru 11 nemendur skráðir á þá braut. Tveir þeirra hættu reyndar námi á miðri önn, en annar þeirra skráði sig í skólann á ný um áramótin, og tveir aðrir bættust við og eru nemendur á brautinni því 12 á vorönn 2011.

Nemendur á Framhaldsskólabraut II fá auk þess 3 tíma í viku í NSF eða náms- og starfsfræðslu. Einu sinni í viku er tölvukennsla, farið í ýmiskonar vefumhvefi, t.d. „innu“, „kennsluvefinn“ og fleira gagnlegt. Þessir nemendur fá sérstaka kennslu í námstækni, þeim er kennt að setja sér markmið og annað sem talið er að gagnist þeim. Umsjónarkennari brautarinnar hittir nemendur einu sinni í viku einslega. Þar er fylgst með því hvernig þeim gengur í námi sínu og hvernig þeim líður.

Stoðtímar

Allir nemendur á Framhaldsskólabraut eru með sérstaka stoðtíma í stundatöflu. Þá hefur öðrum nemendum sem telja sig þurfa verið boðið að mæta í stoðtíma. Einnig hefur verið boðið uppá sérstaka tíma í ensku og stærðfræði á haustönn 2010 og voru nemendur ekki duglegir að nýta sér þá í upphafi en þegar líða tók á önnina mættu á bilinu 3 til 5 nemendur í stærðfræðitíma en mætingin í enskutíma var engin.

Starfsbraut

Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt við skólann starfsbraut fyrir þá nemendur sem eiga við fötlun að stríða. Nú eru fjórir nemendur í deildinni með mismunandi fatlanir. Í deildinni er leitast við að sinna þörfum þessara nemenda – sumir þeirra sækja tíma í almennri deild þá oftast nær með sitt sérstaka námsefni.

ABG-verkefni

Verkmenntaskóli Austurlands er þátttakandi í svokölluðu ABG-verkefni. Það er hugsað fyrir börn og ungmenni sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda. Þar er Verkmenntaskólinn í samstafi við Heilbrigðisstofnun Austurlands, Félagsþjónustur Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðara, Skólaskrifstofu Austurlands og Menntaskólann á Egilsstöðum.

Annar stuðningur.

Nemendur geta fengið hjálp námsráðgjafa við úrlausn sinna mála, og hitta hann þá í sérstökum einstaklingsviðtölum og má nefna að námsráðgjafinn var með yfir 200 einstaklingsviðtöl á haustönn 2010. Þá stendur hann fyrir sérstökum námskeiðum fyrir nemendur sem þjást af prófkvíða og sóttu ellefu nemendur slíkt námskeið á haustönn 2010. Nemendur sem þess þurfa geta fengið sér úrræði í prófum, það getur verið lengri prófatími eða prófin lesin fyrir þá sem eru greindir með lesblindu. Leitast er við að grípa til aðgerða til þess að allir nemendur skólans standi jafnfætis í námi.

Nemendakönnun

Könnunin var gerð seinni hluta októbermánaðar. Sendur var hlekkur í tölvupósti til u.þ.b. 120 nemenda og voru kennarar beðnir að minna nemendur á að svara spurningunum. Gekk það illa framan af en eftir nokkrar ítrekanir þá náðist að fá svör frá 64 nemendum eða u.þ.b. helmingi þeirra nemenda sem fengu könnunina senda.

Spurningar voru 21 og voru þær allar fjölvalsspurningar nema þrjár. Hér eru nokkrar af niðurstöðum könnunarinnar, en allar niðurstöðurnar er að finna í viðauka 1.

- 70,3% finnst skólinn mjög góður eða góður.
- 29,7% finnst hann sæmilegur.
- 68,7% þekkja reglur skólans mjög vel eða vel
- 4,7% þekkja þær illa eða mjög illa.
- 37,1% líður alltaf eða næstum alltaf vel í skólanum og 46,8% oftast.
- 76,2% nota fartölvu í náminu.
- 87,1% eru stoltir af því að vera nemandur í VA.
- 12,9% eru ekki stoltir af því að vera nemandur í VA.

Í spurningunni um fartölvunotkun voru nemendur spurðir afhverju/afhverju ekki. Dæmi um svoru eru þessi:

Já:

- Fljótari að glósa, kennarar biðja um það (nokkrir með þetta svar).
- Betri leið til að geyma gögnin og skipuleggja sig (nokkrir með þetta svar).
- Útaf les og skrif vandræðum (nokkrir með þetta svar).

Nei:

- Þarf þess ekki.
- Því ég læri ekki vel með tölvu í skólanum.
- Nenni ekki að vera dröslast með hana út um allt.
- Á ekki tölvu og á ekki efni á tölvu

Í spurningunni um hvort nemendur væru stoltir af því að vera nemendur í VA voru þeir beðnir að svara af hverju þeir væru stoltir eða af hverju ekki. Þrjátíu svöruðu þessari vibótarspurningu og eru nokkur þeirra svara sýnd hér.

Dæmi um afhverju einstaklingur er stoltur af því að vera nemandi í VA:


- *Góður skóli*
- *Afhverju ætti ég ekki að vera það.*
- *Af því þetta er þægilegur skóli, kennarar eru persónulegir og allir eru vinir og góðir við hvern annan*
- *Því mér finnst þetta vera góður skóli. Mér finnst þægilegt og gaman í skólanum og allir hérna eru félagar.*
- *VA er góður skóli sem batnar sífellt*
- *Ég er mjög stolt af því að ég hef þenna skóla í bænum mínum og get gengið í hann*

Dæmi um afhverju einstaklingur er ekki stoltur af því að vera nemandi í VA:

- *Þetta er nú ekki beint spurning sem hægt er að svara játandi eða neitandi. En því miður vill það oft vera þannig að ég er ekki stolt af því að vera í VA. Ég get alveg sagt það að maður skammast sín oft fyrir að vera í VA þegar að kemur að böllum. Það var haldið - afsakið ef ég fer með rangt mál - eitt og hálf ball á seinasta skóla ári. Litaballið sem haldið var á Eskifirði í samvinnu við ME og svo árshátíðarballið. Talandi um það ball - Ég er ennþá ólýsanlega fúl yfir því hvernig var hægt að KLÚÐRA einu ball svona hörmulega! Ég skammaðist mín svo sannarlega fyrir það að vera VA-ingur þegar að það voru um það bil 10 manneskjur á þessu balli vegna ákvörðunar skólastýru um breytt plan á fyrirkomulagi ballsins. Kunningjar mínir í ME margir hverjir hættu við það að mæta á þetta ball vegna þessa. Og jú þetta var að sjálfsögðu gert til þess að koma í veg fyrir að allir fólk væri undir áhrifum áfengis á þessari skemmtun. Hvar er þessi gullni meðalvegur sem yfirmenn ME fundu? Það er örugglega hægt að finna landakort handa ykkur ef þið finnið hann ekki. Það er afskaplega ólíklegt að þið getið alltaf komið í veg fyrir að einhverjir einstaklingar séu fullir á böllum. En þið getið svo sannarlega komið í veg fyrir að fólk sé dauðadrukkið og ég sé ekkert athugavert við það. En þegar að svona hlutir eru farnir að eyðileggja sjálfa árshátíðina þá er eitthvað að! Miðað við það sem ég fékk að heyra um af hverju VA héldi ekki fleiri böll væri það að skólastýra leyfði það ekki, mér er spurn af hverju í ósköpunum ekki?*

- Tóbaksreglur gera okkur að aðhlátursefni landsins.
- Þekktur fyrir að vera tossa skoli.....
- Það vantar félagslíf !!!!
- Því mig langar í skóla einhvert annað.
- Afhverju ætti ég að vera stoltur?

Síðasta dæmið um svör eru niðurstöður úr spurningunni: *Hvert myndir þú fyrst leita ef þú lentir í vandræðum í náminu eða félagslega?*



Hér var gefinn kostur á að nefna annað en þessir möguleikar. Dæmi um það sem þar kom fram er:

Ég myndi reyna að leita til Perlu vegna þess að ég hef frábæra reynslu af henni. - Verð samt að nefna það því ég tek eftir því að "umsjónarkennari" er tekið fram, umsjónakennara kerfið í þessum skóla er einfaldlega - afsakið orðbragðið - kjaftæði, ég tala nær aldrei við umsjónarkennarann minn, hann hefur aldrei kennt mér og mun að öllum líkindum ekki gera það vegna þess að þessi kennari er með verkennslu. Ég myndi öruggleg frekar fara og tala við húsvörðinn heldur en umsjónarkennarann minn vegna þess að ég hef oftast hitt hann!

Til kennara sem ég treysti fyrir því sem er vandamál hjá mér.

Félagslíf nemenda

Þessi mál eru í góðum farvegi núna. Starfandi eru tveir félagslífsfulltrúar sem hafa umsjón með þessum málaflokki. Þó er vert að benda á að það kom fram hjá einum nemanda í

viðhorfsskönnuninni honum finnst að það sé ekkert félagslíf í VA. Til stendur að gera könnun meðal nýnema næsta vor um félagslífið í skólanum.

Samfélagskönnun

Svona könnun er mjög viðamikil og spurning hvernig þetta er best gert.

- Hvers konar könnun viljum við gera?
- Hvað á hún að ná langt?
 - Öll Fjarðabyggð?
 - Bara foreldrar framhaldsskólanema?
 - Foreldrar 10 bekkinga?

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig þetta verður gert. Þarf að ræða miklu betur.

Foreldrakönnun

Ákveðið að fresta þessari könnun fram á vorönn 2011.

Áfangamat

Á haustönn 2010 voru 14 áfangar metnir. Voru þetta allt bóklegir áfangar nema TTÖ 102 sem er tölvuteikning og má kallast fagbóklegur. Til stóð að meta 16 áfanga en svör fengust ekki úr tveimur. Matið var hefðbundið en bætt var við þremur nýjum spurningum:

- Hvað var best við áfangann?
- Hvað var verst við áfangann?
- Skilaboð til stjórnenda.

Svör fengust frá 179 nemendum, 65 kk og 114 kvk. Svörun var 74% að meðaltali í áfanga, minnst 47% en mest 100%. Meðalaldur þeirra sem svöruðu var 22,7 ár. Hæsti meðalaldur í áfanga var 38,8 ár í SIÐ 102 og lægst meðalaldur var 16,1 ár í ENS 103. Elsti nemandinn sem svaraði áfangamati var 58 ár og sá yngsti 15 ára. Af þeim 14 áföngum sem metnir voru 3 án fjarnema. Þess má geta að allir kennararnir settu kennsluáætlun inn á kennsluvef í upphafi annarinnar.

Kennarar voru almennt ánægðir með spurningarnar um hvað var best og verst í áfanganum. Þeim fannst þær gefa hvað mestar upplýsingar um hvað hafði tekist vel og hvað illa.

Öll svör voru send viðkomandi kennurum og skólameistara. Samantekt á svörum er sýnd í viðauka 2.

Annarmat

Þeir kennarar sem áfangar voru metnir hjá svöruðu einnig annarmati. Tveir svöruðu ekki og því ber að taka niðurstöðunum með fyrirvara. Svör kennara voru send skólameistara og eru tekin saman í viðauka 3. Þess má geta að allir kennarar voru ánægðir með hvernig til tókst með áfangann hjá sér.

Tillögur haustannar 2010

Eftir fund með ráðuneytismönnum var ákveðið að gera tímasetta umbótaáætlun fyrir næsta matstímabil. Verður það gert haustið 2012 þar sem það passar inn í sjálfsmatsáætlun.

Endurskoða áfangamat á vorönn 2011. Meðal þess sem þarf að skoða er:

- Þegar spurt er um þjónust annarra en kennara, spyrja þá sérstaklega um t.d húsvörð, kerfisstjóra, ritara o.fl.
- Styttu spurningalistann, eingöngu hvað var best og hvað var verst spurningar ásamt einhverjum krossum.
- Einbeita okkur að iðngreinum í vor. Hallað hefur á iðngreinarnar þegar kemur að áfangamati. Ætlum að meta verklega áfanga í vor.
- Fyrirlögn kannana - kennarar þurfa að beita sér meira í þessu til að fá betri svörun.
- Sjálfsmatsnefndarmeðlimir sjá um fyrirlögn áfangamats næsta vor.


Umsjónakennarafyrirkomulagið sbr viðhorfskönnun. Þar kom fram gagnrýni á að umsjónarkennari nemanda hefur aldrei kennt honum og mun aldrei kenna honum. Athuga þó að þetta var einn nemandi, ein óánægjurödd.

- Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. þrjá á önn. Mikilvægt að halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin.






Næsta vor verður gerð könnun meðal nýnema um það hvernig þau upplifa félagslífið í skólanum.

Viðaukar





Viðauki 1 - Niðurstöður viðhorfskönnunnar








4. Ég þekki reglur skólans (skólareglur, skólasóknarreglur, reglur um próf)

		Response Percent	Response Count
Mjög vel		23.4%	15
Vel		45.3%	29
Sæmilega		26.6%	17
Illá		3.1%	2
Mjög illa		1.6%	1
		answered question	64
		skipped question	0





5. Í skólanum líður mér vel



		Response Percent	Response Count
Alltaf eða næstum alltaf		37.1%	23
Oftast		46.8%	29
Stundum		14.5%	9
Sjaldan		1.6%	1
Aldrei eða næstum aldrei		0.0%	0
		answered question	62
		skipped question	2






6. Fylgist þú eða foreldrar þínir með mætingum þínum í INNU?

		Response Percent	Response Count
Alltaf		31.7%	20
Oftast		31.7%	20
Stundum		19.0%	12
Sjaldan		12.7%	8
Aldrei		4.8%	3
answered question			63
skipped question			1






7. Mér finnst aðstaða til náms í skólanum vera

		Response Percent	Response Count
Mjög góð		12.9%	8
Góð		58.1%	36
Sæmileg		27.4%	17
Slæm		1.6%	1
Mjög slæm		0.0%	0
answered question			62
skipped question			2

8. Notar þú fartölvu í náminu?			
		Response Percent	Response Count
Já		76.2%	48
Nei		23.8%	15
Afhverju / afhverju ekki?			50
answered question			63
skipped question			1






9. Samskipti við starfsfólk í þjónustu (annarri en kennslu) eru:			
		Response Percent	Response Count
Mjög góð		25.4%	16
Góð		54.0%	34
Sæmileg		14.3%	9
Slæm		3.2%	2
Mjög slæm		3.2%	2
answered question			63
skipped question			1

10. Ég get rætt við starfsfólk þegar ég þarf			
		Response Percent	Response Count
Já		88.9%	56
Nei		11.1%	7
answered question			63
skipped question			1






11. Ég ræði við starfsfólk þegar ég þarf			
		Response Percent	Response Count
Alltaf		21.0%	13
Oft		48.4%	30
Misjafnt		17.7%	11
Sjaldan		11.3%	7
Aldrei		1.6%	1
answered question			62
skipped question			2

12. Starfsfólk skólans hrósar mér þegar ég geri eitthvað vel			
		Response Percent	Response Count
Alltaf		9.5%	6
Oft		34.9%	22
Misjafnt		42.9%	27
Sjaldan		11.1%	7
Aldrei		1.6%	1
answered question			63
skipped question			1






13. Finnst þér brugðist við ef nemendur lenda í vandræðum í námi eða í samskiptum (öfbeldi, einelti)?

		Response Percent	Response Count
Alltaf		12.7%	8
Oft		46.0%	29
Stundum		30.2%	19
Sjaldan		7.9%	5
Aldrei		3.2%	2
answered question			63
skipped question			1

14. Hvert myndir þú fyrst leita ef þú lentir í vandræðum í náminu eða félagslega?






		Response Percent	Response Count
Til umsjónarkennara		13.3%	8
Til námsráðgjafa		41.7%	25
Til skólahjúkrunarfræðings		0.0%	0
Til áfangastjóra		3.3%	2
Til skólameistara		3.3%	2
Til annarra nemenda		38.3%	23
Annað, hvert?			10
answered question			60
skipped question			4



15. Finnst þér samskipti nemenda vera góð?			
		Response Percent	Response Count
Alltaf		12.9%	8
Frekar oft		64.5%	40
Misjafnt		22.6%	14
Frekar sjaldan		0.0%	0
Aldrei		0.0%	0
answered question			62
skipped question			2

16. Mér finnst námsskipulagið vera			
		Response Percent	Response Count
Mjög gott		4.8%	3
Gott		58.7%	37
Sæmilegt		30.2%	19
Slakt		4.8%	3
Mjög slakt		1.6%	1
answered question			63
skipped question			1

17. Stjórnendur skólans eru sanngjarnir og jákvæðir			Response Percent	Response Count
Allir		14.3%	9	
Flestir		49.2%	31	
Jöfn skipting		27.0%	17	
Fáir		9.5%	6	
Engir		0.0%	0	
			answered question	63
			skipped question	1

18. Kennarar í skólanum eru sanngjarnir og jákvæðir			Response Percent	Response Count
Allir		9.5%	6	
Flestir		68.3%	43	
Jöfn skipting		17.5%	11	
Fáir		4.8%	3	
Engir		0.0%	0	
			answered question	63
			skipped question	1

19. Gera kennarar sambærilegar kröfur um skil á verkefnum og ástundun í áföngum?			
		Response Percent	Response Count
Alltaf		4.8%	3
Oftast		49.2%	31
Jöfn skipting		30.2%	19
Sjaldan		12.7%	8
Aldrei		3.2%	2
answered question			63
skipped question			1

20. Ertu stolt/stoltur af því að vera nemandi í VA?			
		Response Percent	Response Count
Já		87.1%	54
Nei		12.9%	8
Afhverju / afhverju ekki?			30
answered question			62
skipped question			2

21. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?	
	Response Count
	29
answered question	29
skipped question	35

Fartölvunotkun

Svör þeirra sem svöruðu viðbótarspurningunni um fartölvunotkun; afhverju/afhverju ekki. Svörin eru óflokkuð en það segir sig nokkuð sjálfst hverjir nota fartölvur og hverjir ekki.

- Ég nota fartölvu í þeim áföngum sem mér finnst það eiga við. Tölvunauðveldar mér að skilja það sem ég skrifa og hjálpar mér mikið vegna þess að ég er mjög léleg í stafsetningu, það er auðveldara að finna hluti sem maður skrifar í tölvu heldur en á blaði og það er oftast betur upp sett og snyrtilegra, það er auðvelt og fljótlegt að senda kennurum verkefni sín beint í gegnum tölvupóst eða kennsluvefinn heldur en að þurfa að skrifa allt fyrst upp í tölvu, tölvurnar eru mjög nauðsynlegar fyrir nemendur ef þeir eru á fjarnámi eða árekstrum.
- Því ég þarf hana ekki áföngunum sem ég er í núna.
- Þarf þess ekki
- vegna þess að það er þægilegt
- vegna þess mér finnst það þægilegt.
- Fljótari að glósa, kennarar biðja um það
- já oftast
- Þægilegra að skirfa og halda utan um allt námsefnið.
- Þarf að gera margar skýrslur, lesblindur
- af því að hún hjálpar mér til þess að ná betri árangri í námi ég get nálgast upplýsinga betur á netinu t.d.
- Er bara í tölvuleikjum
- af því þar er flest kennsluefni og maður er fljótari að glósa í tölvur. næstum nauðsynlegt
- Svo ég geti glósað. Ef ég handskrifa þá skil ég það ekki og er langt á eftir kennaranum og missi því af miklu sem hann segir.
- veistu hvað það kostar
- Betri leið til að geyma gögnin og skipuleggja sig.
- Það auðveldar skipulagið mitt mjög mikið
- því að mér finnst betra að halda utan um gögnin mín á þann hátt.
- Betra að glósa og vinna verkefni.
- Það er mun auðveldara að halda utan um allt í tölvunni og ég er fljótari að gera verkefni, svo nota ég líka netið til að leita af upplýsingum
- þægilegra
- þarf þess ekki
- Glósa og kemst að sjá hvað orðin þíða eins og í ensku
- af því að skólinn er farinn að einblína á notkun kennsluvefs
- þægilegra í ákveðnum áföngum
- útaf les og skrif vandræðum
- því ég læri ekki vel með tölvu í skólanum.
- Skrifa niður glósur og gera verkefni.
- Mun þægilegra að glósa í tölvu, einnig reiða sumir kennarar á það að maður sé með tölvu
- Hef allt á sama stað

- fartalvan mín hrundi nu bara rétt fyrir önnina og ég hef bara ekki keypt mér nýja, er bara ekki frá því að ég hafi lært svona helmingi meira á þessari önn með því að notast ekki við tölvu nema heima hjá mér
- það er miklu þægilegra og fljótlegra en að skrifa allt niður
- það hentar mér vel
- Ég glósa hraðar
- á ekki tölvu og á ekki efni á tölvu
- því það er fljótlegra en að skrifa
- hjálpar mér við glósur og get notað netið til að finna upplýsingar
- ekki hugmynd
- Auðveldar manni að hafa skipulag á hlutunum
- bara afhverju ekki?
- nenni því ekki
- þarf hana lítið sem ekkert
- Auðveldar það að glósa
- nenni ekki að vera dröslast með hana út um allt
- vegna þess að mér finnst ég hafa miklu betra skipulag þannig.
- Því ég skrifa miklu hraðar á tölvuna en í glósubækur þannig að mer finnst það auðveldara, svo hjálpar veraldarvefurinn mér mikið.
- því ég er lesblind og hún auðveldar mér námið töluvert.
- Því að það er gott að hafa orðabók.is fyrir þá sem er tvítengdur
- er í verknámi
- það er auðveldara að hafa allar skrár í tölvuni og hafa aðgang að netinu.
- Betra

Hvert leitað í vandræðum

Svör þeirra sem svöruðu viðbótarspurningunni hvert þeir myndu leita í vandræðum fyrir utan það sem var upptalið sem valmöguleiki.

- Ég myndi reyna að leita til Perlu vegna þess að ég hef frábæra reynsu af henni. - Verð samt að nefna það því ég tek eftir því að "umsjónarkennari" er tekið fram, umsjónakennara kerfið í þessum skóla er einfaldlega - afsakið orðbragðið - kjaftæði, ég tala nær aldrei við umsjónarkennarann minn, hann hefur aldrei kennt mér og mun að öllum líkindum ekki gera það vegna þess að þessi kennari er með verkkennslu. Ég myndi öruggleg frekar fara og tala við húsvörðinn heldur en umsjónarkennarann minn vegna þess að ég hef oftast hitt hann!
- eða foreldra
- Til kennara sem ég treysti fyrir því sem er vandamál hjá mér
- til perlu
- vina minna
- Því ég tala bara við fólk sem ég treysti.
- fer eftir kringumstæðum
- ég veit það ekki allveg.
- vinkonu
- Elvar eða Perla



Af hverju / afhverju ekki stolt

Svör þeirra sem svöruðu viðbótatöspurningunni afhverju þau væru stolt eða afhverju ekki. Svörin eru ekki flokkuð, en það segir sig sjálft hverjir eru stoltir og hverjir ekki.


- Þetta er nú ekki beint spurning sem hægt er að svara játandi eða neitandi. En því miður vill það oft vera þannig að ég er ekki stolt af því að vera í VA. Ég get alveg sagt það að maður skammast sín oft fyrir að vera í VA þegar að kemur að böllum. Það var haldið - afsakið ef ég fer með rangt mál - eitt og hálf ball á seinasta skóla ári. Litaballið sem haldið var á Eskifirði í samvinnu við ME og svo árs hátíðarballið. Talandi um það ball - Ég er ennþá ólýsanlega fúl yfir því hvernig var hægt að KLÚÐRA einu ball svona hörmulega! Ég skammaðist mín svo sannarlega fyrir það að vera VA-ingur þegar að það voru um það bil 10 manneskjur á þessu balli vegna ákvörðunar skólastýru um breytt plan á fyrirkomulagi ballsins. Kunningjar mínir í ME margir hverjir hættu við það að mæta á þetta ball vegna þessa. Og jú þetta var að sjálfsögðu gert til þess að koma í veg fyrir að allir fólk væri undir áhrifum áfengis á þessari skemmtun. Hvar er þessi gullni meðalvegur sem yfirmenn ME fundu? Það er örugglega hægt að finna landakort handa ykkur ef þið finnið hann ekki. Það er afskaplega ólíklegt að þið getið alltaf komið í veg fyrir að einhverjir einstaklingar séu fullir á böllum. En þið getið svo sannarlega komið í veg fyrir að fólk sé dauðadrukkið og ég sé ekkert athugavert við það. En þegar að svona hlutir eru farnir að eyðileggja sjálfa árs hátíðina þá er eitthvað að! Miðað við það sem ég fékk að heyra um af hverju VA héldi ekki fleiri böll væri það að skólastýra leyfði það ekki, mér er spurn af hverju í ósköpunum ekki?
- góður skóli
- afhverju ætti ég ekki að vera það.
- Ekkert frekar
- jájá svona semí
- vill ekki segja nei
- góður skóli
- að því að þetta er góður skóli
- Tóbaksreglur gera okkur að aðhlátursefni landsins
- af því þetta er þægilegur skóli, kennarar eru persónulegir og allir eru vinir og góðir við hvern annan
- Því mér finnst þetta vera góður skóli. Mér finnst þægilegt og gaman í skólanum og allir hérna eru félagar.
- þekktur fyrir að vera tossa skoli.....
- Því að það er góður skóli.
- jájá alveg eins, þetta er bara skóli!
- því mig langar í skóla einhvert annað.
- VA er góður skóli sem batnar sífellt
- Ég er mjög stolt af því að ég hef þenna skóla í bænum mínum og get gengið í hann
- Eða bæði og
- eða bara semi langar að vera í bænum
- Gott að geta verið í skóla í heimabæ
- ekki hugmynd
- það vantar félagslíf !!!!
- cool
- Afhverju ætti ég að vera stoltur?

- afhverju ekki
- bara ég er það bara.
- Því ég hef verið í öðrum skólum og veit alveg hvernig þetta er annarsstaðar og finnst þessi betri
- Því að við erum öll fjölskyldu hérna
- ágætis skóli svo sem. vantar þó uppá félagslíf
- why not


Viðauki 2 - Spurningar áfangamats ásamt svörum




Kennsluáætluninni er vel fylgt




Kennarinn er stundvís




Kennarinn virðist vel undirbúinn




Kennarinn er vel skipulagður og kemur námsefninu vel til skila




Kennarinn heldur athygli minni vel




Kennaranum tekst að virkja mig til starfa




Kennarinn bregst vel við spurningum




Kennarinn hvetur mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum




Nærvera kennarans er góð




Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda




Kennarinn mismunar ekki nemendum




Samskipti mín við kennarann eru góð




Námsefni áfangans er áhugavekjandi




Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn




Vinna mín í áfanganum er






Áfanginn reyndist mér




Ég er ánægð(ur) í áfanganum




Viðauki 3 - Spurningar annarmats ásamt svörum




Nemendur virðast vel undirbúnir í tímum




Nemendur eru skipulagðir í heimavinnu sinni




Nemendur halda athyglinni vel í tímum




Nemendur eru virkir í tímum





Nemendur eru sjálfstæðir í vinnubrögðum



Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn





Ég er ánægð(ur) með árangur nemenda í áfanganum

